

Stjórnarfundur FEB nr. 446

Miðvikudag 6.5. 2020 kl. 9:30

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkv. stj. og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Róbert Bender

Dagskrá:

1. Stilla saman strengi

Til fundarins var boðað eftir langt hlé vegna COVID-19. Fundur haldinn með löglegri fjarlægð uppi í stóra sal með öllum viðurkenndum varúðarráðstöfunum.

Framkv.stj. gerði grein fyrir hvernig starfsemi hafi verið háttáð í samkomubanni og hvaða verkefni væru í gangi. Brýn þörf á að hefja starfsemi að nýju.

2. Fréttir af skrifstofu FEB

Framkv.stj. gerði grein fyrir ýmsum verkefnum á skrifstofu FEB. Stjórn hafði samþykkt að ekki væri annað fært en að innheimta óbreytt félagsgjöld þar sem aðalfundur einn getur samþykkt breytingar. Þarf að bera upp þegar aðalfundur verður haldinn. Innheimta gengur mjög vel. Félagsskírteini/ afsláttarbók er tilbúin. Þarf að setjast yfir hvernig útgáfu verður háttáð í framhaldinu með LEB. Skrifstofan hefur verið opin alla daga.

Frestað var um sinn ráðningu starfsmanns en heimild liggur fyrir frá stjórn. Tíminn hefur verið nýttur m.a. til að bæta tölvukerfi og bókhaldskerfi auk þess sem hafinn er undirbúningur að nýrri heimasíðu sem orðið er mjög aðkallandi.

Sagt frá stöðu umsóknar um ferðaskrifstofuleyfi en málið er ekki í höfn. Verður unnið áfram með Ferðanefnd. Þá var áfram unnið í skipulagi ferða innanlands í sumar en spurning hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera vegna faraldurs.

3. Aðalfundur FEB

Rætt um hugsanlega dagsetningu á aðalfundi FEB. Öll aðildarfélög LEB þurfa að halda aðalfundi á undan LEB en fyrir liggur að stefnt er að fundi þar 30.6. Þarf að ákveða dagsetningu sem fyrst og samþykkt að láta frambjóðendur fylgjast með gangi mála. Ljóst að þessi stjórn er starfsstjórn sem starfar fram að næsta aðalfundi. Reikningar síðasta árs hafa verið samþykktir og undirritaðir fyrir löngu.

4. Félagsstarf/ferðir FEB sumarið 2020

Kynntar voru stuttar gönguferðir með leiðsögn á höfuðborgarsvæðinu. Farið verður einu sinni í viku fram í júní. Farið verður í Laugarnesið, Öskjuhlíð, miðbæ Reykjavíkur, Hólavallakirkjugarð, Gálgahraun og Viðey. Hver og einn kemur sér á næsta bílastæði sem verður auglýst með ferðunum. Skráningar krafist og hámark 20 manns í ferð.

5. Önnur mál

Kynnt mál er varðar Hólaberg 84. Hafnað af stjórn. Kynnt mál vegna Skúlagötu 40.

Samþykkt að kanna nánar jafnvel hjá lögfræðingi félagsins.

Formlega staðfest fastráðning framkvæmdastjóra sem hefur tafist vegna ástandsins.

Fundi slitið kl. 12.00
ÓÓ!

Ellert B. Schram
Sigríður Snæbjörnsdóttir
Finnur Birgisson
Guðrún Árnadóttir
Kári Jónasson
Sjöfn Ingólfssdóttir
Þorbjörn Guðmundsson
Ólafur Örn Ingólfsson